



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Hof

2019 – 2020



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans:.....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra mat deildar	5
3 Ytra mat	16
4 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	17
5 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	17
6 Foreldrasamvinna.....	17
7 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	18
8 Fylgigögn.....	18
8.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning.....	18
8.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.....	18
8.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	18



Leiðarljós leikskólans:

1 Greinargerð leikskólastjóra

Starfið á Hofi síðastliðið skólaár einkenndist af fagmennsku, gleði og ágætum stöðugleika. Samkvæmt starfsþróunarsamtölum á vormánuðum er starfsmannahópurinn samheldinn og jákvæður sem finnst gaman að mæta í vinnuna og líður vel þar. Sem betur fer fáum við alltaf eitthvað nýtt starfsfólk í hópinn til að hrista upp í okkur hinum og var sérstaklega ánægjulegt að fá nýjan reyndan leikskólakennara í deildarstjórahópinn sl. haust. Við vorum líka afar heppin með aðra starfsmenn sem bættust í hópinn.

Starfið í vetur byggðist á síðustu starfsáætlun en þar var læsi, útinám, fjölmening og forvarnir gegn einelti aðaláherslur. Allar deildir hafa unnið að þessum þáttum ásamt fjölmörgum öðrum. Umræðan hefur helst verið um það að við náum ekki að gera allt sem okkur langar til og þurfum að vanda okkur við að velja og hafna verkefnum sem okkur standa til boða. Svo margt er í boði fyrir leikskólabörn að leikskóladagurinn dugar ekki til. En það er líka gaman að fá ný verkefni eða tilboð og þetta vorið tókum við t.d. þátt í fyrsta dýradeginum sem haldinn var á Íslandi í samvinnu við Landvernd, Laugarnesskóla og fleiri stofnanir.

Undir lok síðasta skólaárs var ákveðið að stækka leikskólann og bæta við einni lausri stofu til að mæta þeim mikla fjölda barna sem eru á biðlista skólans. Við réðum deildarstjóra sl. sumar því deildin átti að opna á haustdögum og tóku allir starfsmenn vel í þessa stækkun. Haustið leið reyndar og veturinn líka áður en nokkuð bólaði á stofunni og komið var undir vor þegar húsið sigldi loksins yfir Hellisheiðina og alla leið inn á skólalóð Laugarnesskóla. Þá tók við gríðarleg vinna að halda utan um allt sem fylgir því að opna nýja deild í nýju húsi. Mikill tími stjórnenda hefur farið í samskipti við yfirmenn SFS, umsjónarmenn og verktaka ásamt iðnaðarmönnum. Deildin opnaði 18.júní og nú eru öll börn byrjuð og starfsemin komin á fullt skrið. Hætt er við að þessi stækkun staldri frekar stutt við þar sem nú þegar hefur verið teiknuð stækkun við skólann og er á áætlun á næstu árum. Einnig er verið að undirbúa byggingu ungubarnaskóla á Kirkjusandi og mun sá skóli tilheyra Hofi líka. Þegar þessar framkvæmdir hafa gengið í gegn mun Hof verða einn af stærstu skólum borgarinnar með áætlaðar 12 deildir. Nokkur ár eru þó í að það verði að veruleika.

Vegna stækkunar og annarra eðlilegra ástæðna þurfum við að ráða nokkra nýja starfsmenn í haust og erum með auglýsingu á lofti. Næsti vetur lofar góðu, stöðugleiki verður í stjórnunarstöðum og fjórir starfsmenn ætla í leikskólakennaranám við Háskóla Íslands. Það er mikið gleðiefni og munum við styðja við bakið á þeim eins og við getum. Styrkur vegna vinnu við innleiðingu menntastefnu fékkst á vordögum og ætla Hof og Laugasól að vinna saman að nokkru leyti. Sótt var um styrk til að efla sjálfseflingu og félagsfærni barna. Við teljum okkur nokkuð sterk í þeim þáttum en mikilvægi þeirra er mikið og nauðsynlegt að vinna vel að þeim með börnum á öllum aldri. Þess vegna völdum við að bæta okkur enn frekar í þessum þáttum.

Það er því bjart fram undan í skólastarfinu og starfsmannahópurinn fullur tilhlökkunar að fá nýja barnahópa og vinna að góðu starfi hér eftir sem hingað til.



Umbótaþættir skólans	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Að nota gátlista sem komu frá Vöndu Sigurðardóttur	Að allar deildir noti alla þrjá listana reglulega á deildarfundum	Deildarstjóri ber ábyrgð á að farið sé yfir listana reglulega	Sept. 19 – Maí 20.	Deildarstjóri ber ábyrgð á sinni deild, leikskólastjóri	Listar frá Vöndu, 0-5 listinn,	Farið yfir listana reglulega og skoðuð niðurstaða



2.a. Innra mat Bláudeildar

Umbótaþættir Bláadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Skipulagðar Lubbastundir og aðlaga þær að starfi deildarinnar	Skipta reglulega út máhljóðum yfir veturinn og komast yfir meiri hluta þeirra. Reglulegar Lubbastundir sem allir starfsmenn sjá um	Lubbastundir 2xí viku með Rauðudeild. skipuleggja mánuð fram í tímann á deildarfundum	Haust 19-vor 20	Deildarstjóri skipuleggur og skiptir verkum á milli starfsmanna	Meta á deildarfundum hve oft stundirnar voru haldnar og hve reglulega var skipt um máhljóð	Eru Lubbastundir orðnar sjálfsgðar? Stjórna allir starfsmenn stundunum?
Bæta og skipuleggja skapandi starf og gefa hverju barni sinn tíma	Skipuleggja verkefni í listasmíðjunni betur. Að hvert barn fái tíma og að njóta sín	Setja skipulag fyrir dagana sem deildin er með listasmíðjuna	Haust 19-vor 20	Róbert skipuleggur og skiptir verkum á milli kennara	Myndir teknar og stundirnar skráðar niður. Metið á deildarfundum	Voru allar stundir skipulagðar? Fékk hvert barn tíma og hver er upplifun þeirra?
Fjölga sögupokum og gera þá aðgengilega	Vikulegar sögustundir með sögupoka. útbúa fleiri sem henta yngstu börnunum.	Vikulegar sögustundir. Börnin hjálpa til við að útbúa fleiri poka	Haust 19-vor 20	Tinna sér um að skipuleggja og skiptir verkum á milli kennara	Skrá upplifun barna og kennara. Metið á deildarfundum	Var sögupokum fjölgað? Hentuðu sögurnar börnunum? Voru allir starfsmenn virkir?

Bláadeild Endurmat veturinn 2018-2019

TRAS

Markmiðið með því að taka TRAS próf á öllum börnum deildarinnar var til þess að sjá á auðveldan og skýran hátt hvernig málþroski allra barnanna á deildinni væri svo að kennarar ættu auðveldara með að gera sér grein fyrir því hvaða börn þyrftu á mestum stuðningi að halda. Því var tekið TRAS próf á öllum börnunum á deildinni og var deildarstjóri ábyrgðaraðili þar sem hann var sá eini sem hafði tilskilin leyfi til þess að fylla prófin út. En engu að síður voru aðrir starfsmenn deildarinnar hafðir með í ráðum og aðstoðuðu við að útfylla öll prófin. Eitt og eitt barn var prófað í einu. Tímaáætlunin stóðst að mestu leiti, en markmiðið var að vera búíð að prófa öll börnin um áramótin en síðustu börnin voru prófuð í janúar. Prófin á að endurtaka á 6 mánaða fresti og því klárast sú yfirferð fyrir sumarfrí. Með því að taka prófin aftur sjá kennarar hverjar framfarir hjá börnunum hafa verið yfir veturinn. Farið var yfir



niðurstöður prófanna á deildarfundum og mikill meiri hluti barnanna kom mjög vel út úr prófinu. Viðbrögð foreldra gagnvart prófunum voru í öllum tilfellum mjög góð, þeim fannst gott að sjá hvernig málþroski barnanna þeirra var í samanburði við önnur börn. Í samráði við foreldra þeirra barna sem ekki komu vel út úr prófinu voru teknar ákvarðanir um hvaða leiðir ætti að fara til að auka málþroska þessara barna og sérstaklega unnið með þau börn og báru deildarstjóri og sérkennslustjóri ábyrgð á þeirri vinnu.

Kennarar deildarinnar voru ánægðir með vinnuna í kringum TRAS og umræðuna um málþroska sem hún skapaði. Í framhaldinu er stefnt að því að halda áfram að taka TRAS próf og kynna sér betur bækurnar sem gefnar voru út í tengslum við TRAS prófin, Litla sól og Stóra sól.

Sögupokar

Markmið með sögupokunum var að útbúa og hafa sögustundir með leikmunum einu sinni í viku fyrir alla deildina. Með því að útbúa sögupoka með bæði sögunni sjálfri og leikmunum yrði það bæði auðvelt og þægilegt fyrir kennara að vinna með þá, börnin myndu frekar ná að halda athygli og einbeitingu og meiri ró væri í sögustundum. Í upphafi hverrar sögustundar var „sviðið“ undirbúið og allir leikmunir teknir úr pokanum og raðað upp af kennara. Börnin fylgdust undantekningarlaust mjög vel með í sögustundunum, þau lifðu sig inn í sögunar og tóku hiklaust þátt í því sem var að gerast því. Sum börnin gátu einnig aðstoðað við að segja sögurnar. Öll börnin þekktu orðið sögurnar mjög vel þegar leið á veturinn en voru hins vegar alltaf jafn spennt fyrir að hlusta/horfa. Það var mat kennara að það væri auðveldara að halda athygli barnanna þegar sögupokarnir voru notaðir en þegar sögur vor sagðar/lesnar án leikmuna. Allir starfsmenn deildarinnar voru ábyrgir fyrir því að útbúa sögupoka og börnin komu einnig að þeirri vinnu.

Útikennsla

Markmið vetrarins var að hvert barn á deildinni færi útikennslu aðra hverja viku út fyrir lóðarmörk leikskólans. Þannig myndu þau kynnst umhverfi leikskólans betur og þol þeirra myndi aukast og þau því tilbúnari í lengri ferðir þegar þau fara á eldri deildir. Deildinni var skipt í tvo jafna hópa og tveir kennarar fylgdu hvorum hóp allan veturinn. Allir starfsmenn deildarinnar voru ábyrgir fyrir skipulagningu og úrvinnslu ferðanna. Barnahópurinn var áhugasamur fyrir útikennslunni og fannst skemmtilegt að fara út af leikskólalóðinni. Þeim þótti mjög spennandi að fá að fara í vestin því að þá vissu þau alveg nákvæmlega hvað stæði til. Næsta nágrenni leikskólans var skoðað til hins ýtrasta, eins og til dæmis Laugarnesskólalóð, Ásmundarsafn og rólóíð við Laugarneskirkju. Mjög vel gekk að standa við skipulagið um að hver hópur færi aðra hverja viku í útkennslu, nema einna helst í janúar og febrúar þegar veðrið og færðin var sem verst þá riðlaðist skipulagði aðeins. Kennarar voru sammála um að miklar framfarir sæjust hjá börnunum yfir veturinn, þau gengu hraðar og áttu auðveldara með að ganga í röð hvert á eftir öðru. Þegar leið á vorið var farið að fara í lengri ferðir en byrjað var í um haustið. Myndir voru teknar í hverri ferð og myndir úr ferðunum límдар á vegg Bláudeildar í hæð barnanna svo að þau gætu skoðað þær. Þeim fannst mjög gaman að skoða myndir úr ferðunum og rifja upp hvað þau voru að gera. Allir kennarar voru sammála um að vel hefði til tekist yfir vetrartímam og bæði kennarar og börn hafi haft gaman að útikennslunni. Hins vegar hefði þurft að huga betur að því hvernig ætti að tengja meira saman útikennsluna og því sem fram fer innan dyra.




2.b. Innra mat Rauðudeildar

Umbótaþættir Rauðadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Læsi/málörvun	Að fjölga Lubbastundum	Að festa Lubbastundir í dagskipulag	Sept. 19-maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum	Símat á deildarfundum	Að ná að hafa Lubbastundir fastar í dagskipulaginu
	Að bæta gæði söngstunda	Fleiri lög, bæta við undirleik og hreyfingum, vinna með rím og þulur	Sept. 19-maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum	Símat á deildarfundum	
	Gefa 10	Fylgja plani um að hvert barn fái 10 mín frá starfsmanni á dag	Sept. 19-maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum	Símat á deildarfundum og skráningarblöð	
Félagsfærni	Að barnahópurinn eigi í jákvæðum samskiptum við hvert annað	Reglulegar 0-5 skráningar ABCD skráningar og fl.	Sept. 19-maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum	Símat á deildarfundum og skráningarblöð	
	Að börnin þekki mikilvægi þessa að flokka og endurnýta	Hafa flokkunartunnur sýnilegar	Sept. 19-maí 20	Allri starfsmenn deildarinnar	Símat á deildarfundum	
Sköpun	Að börnin fá tækifæri til sköpunar með fjölbreyttan og skapandi efnivið	Reglulegar stundir í listasmiðju. þemaverkefni. fjölbreyttur efniviður	Sept. 19-maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum deildarinnar	Skráningar endurmat að vori, símat	Öll börn fái viðeigandi skráningar í einstaklingsmöp pu

Rauðadeild Endurmat veturinn 2018-2019

Samkvæmt umbótaáætlun frá síðasta vetri var ákveðið að sérstök áhersla yrði lögð á útikennslu, skapandi starf og málörvun.

Hvað útikennsluna varðar var haldið í sama far og á síðasta ári þar sem ferðir og útiöldunin voru unnar í samtarfi með Bláudeild. Þetta verklag reyndist vel í ár (eins og síðasta ár) og þó að okkur hafi ekki tekist að fara í aðventuferð þetta árið þá voru ferðirnar nokkuð margar og góðar. Nánasta umhverfi



leikskólans var vel nýtt og fóru börnin meðal annars í ferðir í Listasafn Ásmundar Sveinssonar, á lóð Laugarnesskóla, grenndargáma og hina ýmsu leikvelli Laugardalsins. Útiöldunin gekk vonum frama og teljum við að það sé komin góð reynsla í starfsmannahópinn og verklag sé gott.

Skapandi starf deildarinnar var gott. Börnin fengu tækifæri til að vinna með fjölbreyttan efnivið og tókust á við fjölbreytt verkefni

- Ákveðið var á starfsdegi 24. maí 2019 að á næsta vetri verður unnið markvissar með ákveðin þemu/efnivið í tímalotum
- Hugsanlega verður börnunum skipt niður í hópa og verður hver hópur með ákveðin „ábyrgðaraðila“ sem ber ábyrgð á að hvert barn hópsins vinni öll verkefni
 - Þó verður ekki beint formlegt hópastarf þar sem heldur verða verkefni/þemun unnin í flæði
- Unnið verður með fjölbreyttan efnivið í ákveðnum tímalotum

Málörvun Rauðeildar var í nokkuð góðu fari í veturinn. Lubbastundirnar fengu betri sess í dagskipulaginu og það reyndist vel að vinna með „málhljóð vikunnar“. Söngstundir voru 2x á dag auk þess sem reynt var að hafa eina skipulagða sögustund á dag. Þannig var líka, bróður part vetrarins, sameiginleg söngstund með Bláudeild í hverri viku þar sem Lubbalögin voru sungin og málhljóðin kynnt. Auk þessa voru stafir og ták sýnileg á veggjum deildarinnar og starfsfólk gaf sér tíma til að setjast niður í með börnunum til að lesa eða segja sögur utan skipulags. Ekki tókst að innleiða „Gefðu 10“ stefnuna almennilega, þrátt fyrir tilraun til þess og áhuga starfsmanna á því.

- Ákveðið var að festa Lubbastundirnar í vikuskipulagið
 - Haldið verður áfram að vinna með málhljóð vikunnar í samtarfi við Bláudeild
- Áhugi var að útbúa betra skráningarblað fyrir „Gefðu 10“ og innleiða það sem fasta í deildarstarfið
- Ákveðið var að reyna að bæta gæði sögustundanna

Reynt verður að auka fjölbreytnina, t.d. með sögupokum, loðtöflum ofl



2.c. Innra mat Guludeildar

Umbótaþættir Guladeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Vinna með íslensku máhljóðin (Lubbi) og orðaspjall	Að börnin nái góðu valdi á íslensku máhljóðunum. Að auka orðaforða þeirra með orðaspjalli	Ákveðin máhljóð í hverri viku og vinna með þau. Senda bók heim með börnunum og vinna með orðaspjallið	Sept. 19 – maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsmönnum	Umræða á deildarfundum. Búa til matsblöð fyrir starfsfólk.	Að Lubba- og Mikkastundir verði fastur liður í starfinu og allir starfsmenn finni sig örugga í þeim.
Útinám og ferðir	Að börnin geti lesið í aðstæður fyrir utan leikskólann. Að vikka út sjóndeildarhring þeirra með ferðum. Að þau læri á hverfið og finni sig örugg.	Að fara aðra hvora viku í útinám. Að ferðir og verkefni tengd þeim séu vel undirbúin	Sept.19- maí 20.	Deildarstjóri ásamt starfsfólki	Umræða á deildarfundum. Búa til matsblöð sem hver og einn starfsmaður sér um að fylla út.	Að útinám og ferðir verði fastur partur af starfinu og allir starfsmenn taki þátt.
Samstarf milli deilda	Að börn í sama árgangi hittist reglulega	Samstarf í ferðum og leik inni á deildum	Sept. 19- maí 20	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt	Umræða á deildar- og árgangafundum	Að börnin þekkist og leiki saman óháð deild
Landadagar	Að börnin kynnist menningu annarra landa	Með tónlist, hreyfingu, mat og ýmsum upplýsingum	Sept. 19 – maí 20	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt.	Umræða á deildarfundum	Að börnin skilji að heimurinn er stór með mörg lönd sem gaman er að fræðast um og að þau beri virðingu fyrir ólíkri menningu

Guladeild Endurmat veturinn 2018-2019

Við ákváðum að hafa útinám, jákvæð samskipti og læsi í víðum skilningi sem áherslur starfsins og var það rauður þráður í starfinu í vetur. Í heild þá gekk veturinn vel hjá okkur.

Útinámið gekk vel og hópurinn kröftugur í göngu og mjög áhugasamur um þær ferðir sem farið var í. Í byrjun þá fórum við með aldurshópana tvískipta í útinám og ferðir. Þetta kom ekki nógu vel út þar sem hóparnir voru miserfiðir og hefði þurft að senda þrjá starfsmenn með yngri hópnum. Við tókum þá ákvörðun að fara með þau öll saman og skipta þeim frekar upp í litla hópa þegar á leiðarenda væri



komið. Frá áramótum þá fórum við aðra hvora viku í útinám / ferðir á móti hópastarfi á deildinni. Þetta koma vel út og hvor þáttur varð markvissari.

Við unnum mikið með samskipti í barnahópnum og að þau tali saman ef þau eru ekki sammála. Við settum upp myndir sem sýna jákvæð og neikvæð samskipti. Við gerðum reglulega mat á samskiptum innan barnahópsins.

Við æfðum okkur í íslensku máhljóðunum og það gekk vel en hefði mátt taka það dýpra sem og orðaspjallið. Þetta gekk þó vel og börnin og starfsfólkið áhugasamt. Það væri gaman að vinna markvissara með þessa þætti.

2.d. Innra mat Grænudeildar

Umbótaþættir Grænadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
TRAS	Vinna verði markvissari og allir starfsmenn komið að henni og þekki hana.	Áætlun fyrir hvern mánuð yfir börn sem á að skoða.	Sept. 19- maí 20.	Deildarstjóri ber ábyrgð en allir starfsmenn taka þátt	Janúar og maí 2020. Metið á deildarfundum	Að TRAS skráning sé til fyrir öll börn. Allir starfsmenn koma að upplýsingaöflun
Landadagar	Að landadagar verði vika sem nær hámarki með hefðbundnum landadegi	Börnin fái fleiri tækifæri til að taka virkan þátt í undirbúningi	Sept. 19 – maí 20	Allir starfsmenn deildarinnar	Janúar og maí 2020. Metið á deildarfundum	Að eftir veturinn liggi skráningar t.d. í myndum sem sýni hvernig unnið hefur verið
Grænfáninn	Hnattrænt jafnrétti ásamt eldri þemu	Höldum áfram með þá vinnu sem þegar hefur farið fram á öðrum deildum	Sept. 19- maí 20.	Allir starfsmenn deildarinnar	Janúar og maí 2020	Safna saman skráningum í myndum um verkefni
Hvert líf er einstakt	Rifja upp það sem hefur verið gert, nýta samvinnuleiki og aðrar leiðir betur	Halda áfram með starfið af deildum þaðan sem börnin eru að koma	Sept. 19- maí 20	Allir starfsmenn deildarinnar	Janúar og maí 2020	Að eftir veturinn liggi skráningar t.d. í myndum sem sýna það sem var gert



Grænadeild endurmat veturinn 2018-2019

TRAS: Í vetur voru einungis elstu börn á deildinni því ekki unnið markvisst með TRAS prófið, heldur aðeins fylgt eftir þáttum sem vantaði upp á hjá fáeinum börnum.

Sögupokar: Vinna við sögupoka hefur ekki farið af stað hjá okkur í vetur. Barnahópurinn í ár hefur ekki sýnt sögupokunum þann áhuga sem t.d. hópurnir í fyrra gerði en vel hefur gengið að vinna að sögum og sögugerð eftir öðrum leiðum, t.d. með notkun Sögugrunnsins. Við viljum gjarnan halda sögupokunum inni sem einum þætti þess að vinna með sögur og sögugerð. Þó að þeir hafi ekki fengið hljómgrunn í ár, þá eru barnahóparnir breytilegir frá ári til árs. Sjáum fyrir okkur að þeir nýtist betur með yngri börnum. Börnunum fannst sögupokarnir ekki skemmtilegir, en fannst gaman að vinna með sögur og sögugerð eftir öðrum leiðum. Við breyttum því áherslum í samræmi við áhuga þeirra.

Útiöldun: Útiöldun hefur setið á hakanum hjá okkur í vetur, bæði vegna áhuga og/eða öryggisleysis starfsfólks. Við létum veður og önnur verkefni stoppa okkur í að takast á við verkefnið og þurfum að breyta því. Starfsfólk deildarinnar er sammála um að við þurfum að taka okkur saman í andlitinu og bæta úr, enda er þetta eitthvað sem börnin hafa gaman að og eru farin að kalla eftir. Sömuleiðis er þetta eitthvað sem þau geta tekið virkan þátt í og haft mikið um að segja, s.s. hvað á að elda úti.

Útinám: Útinám og vettvangsferðir hafa verið stór hluti af starfinu í vetur. Við höfum farið einu sinni í viku ýmist í útinám eða vettvangsferðir. Sem dæmi um staði sem við höfum heimsótt eru: bókasafnið, Þjóðleikhúsið, Árbæjarsafn, Skautahöllin, Húsdýragarðurinn og Grasagarðurinn. Í útinámi höfum við svo nýtt nánasta umhverfi og notum mikið garðinn við Ásmundarsafn og Laugardalinn. Allir starfsmenn hafa komið að því að skipuleggja útinám og börnin hafa sýnd áhuga og vilja til að fara í útinám.

Skapandi starf: Ýmis verkefni hafa verið unnin í vetur. Má þar nefna vinnu við jólagjafir, öskudagsbúninga og teiknibækur. Á flakkarafundi í haust óskuðu börnin eftir að fá föndurkassa í val og komu með tillögur um hvað ætti að vera í honum. Hann hefur verið mikið notaður í vetur. Tónlistarkennsla hefur verið einu sinni í viku og sýningar í tengslum við hana. Sömuleiðis hafa börnin unnið myndverk í tengslum við tónlist. Vinna við þátttöku í Barnmenningarhátíð skipaði stóran sess í starfi vorannar. Hluti af þeirri vinnu var svo nýttur í útskriftarsýningu sem sló í gegn. Sögugerð hefur svo verið hluti af skapandi starfi. Þar höfum við m.a. notað söguhring og sögugrunn. Þau börn sem komu ný inn á deildina í haust voru fljót að tileinka sér teiknibókina. Það er enginn annar teiknipappír í boði, nema í tengslum við afmörkuð verkefni. Börnin hafa lagt mikla vinnu í bækurnar sínar og eru stolt af þeim. Í teiknibókunum sjást vel framfarir í teiknifærni og fínhreyfingum. Í bækurnar er líka málað, klippt og límt, allt eftir því hvað hugur barnsins stendur til í það skiptið.

Viljum við halda áfram? Skapandi starf mun alltaf verða stór hluti af leikskólastarfinu og þeir þættir sem hafa staðið upp úr í vetur eru komnir til að vera. Það þarf þó alltaf að hafa í huga að gefa börnunum nægilegt svigrúm til að velja frjálst viðfangsefni og efnivið.

Hópastarf: Hópastarf í vetur var bæði inni og í útinámi. Börnin voru í föstum hópum, en rúlluðu á milli starfsmanna og fengu þannig notið styrkleika hvers og eins. Okkur fellur betur að vinna með fasta hópa, fremur en að vera með verkefna og stöðvavinnu (gerum það reyndar líka). Okkur finnst við þannig hafa betri yfirsýn yfir styrkleika hvers barns og þær framfarir sem það tekur. Þegar hópastarf hefur fallið niður í einhvern tíma, hafa börnin farið að rukka um það

Flakkarafundur: Í haust tókum við upp þá nýbreytni að hafa flakkarafundi einu sinni í viku. Tilgangur þeirra er að fá fram sýn barnanna á leikskólastarfið og hvað þeim þykir mikilvægt. Ýmist lagði kennari upp með ákveðið umræðuefni, s.s. hvað er að vera góður félagi, hvert viljum við fara í flakkarafærðir o.þ.h. Fundirnir gengu yfirleitt vel og gáfu góða mynd af því hvað börnunum fannst mikilvægt og skemmtilegt. Þegar börnin voru spurð að því hvað þau vildu ræða, barst talið undantekningarlaust að



samskipum og vináttu og segir það sitt um hvað þeim finnst mikilvægt fyrir líðan sína í leikskólanum. Það gat þó stundum verið erfitt í 24 barna hóp að bíða eftir að fá orðið.

Börnin voru ánægð með fundina og voru ánægð með að fá að hafa áhrif.

Grænfáninn: Ýmislegt var gert undir merkjum Grænfánans, bæði sem framhald af fyrri verkefnum og svo í tengslum við núverandi þema. Við höfum skoðað ýmislegt í tengslum við nýja þemað, hnattrænt jafnrétti. Má þar nefna umræður um réttindi og forréttindi, við höfum skoðað fjarlægðir á heimskorti/hnetti, hlustað að tónlist og skoðað dansa frá Afríku. Við höfum skoðað myndbönd um barnaþorp í Zimbabwe sem gáfu tengingu við aðstæður barnsins sem við erum að styrkja sem sólblómaleikskóli. Við ræddum svo myndböndin út frá því hvað er líkt og ólíkt. Það gekk vel að vekja athygli barnanna á viðfangsefninu og þau höfðu fullt af hugmyndum um hvað þau vildu gera. Þau tóku virkan þátt í umræðum og sýndu þeim áhuga.

2.e. Inna mat Hvítudeildar

Umbótaþættir Hvítadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Mat barnanna	Að mat barna verði sjálfsgæður hluti af leikskólastarfinu/vinnan sé markvissari yfir skólaárið	Matsfundir eftir ferðir. Flakkarafundir einu sinni. 0-5 skráning og fl. skráningar	Sept. 19-maí 20	Starfsmenn deildarinnar	Í lok skólaárs, gagnasöfnun könnun	Raddir barna sýnilegar í skólastarfinu
Hvert líf er einstakt	Að tengja verkefnið og sjálfsefningu og félagsfærni	Félagsfærnisögur í hópastarfi	Sept. 19-maí 20	Starfsmenn deildarinnar	Um áramót og í lok skólaárs	Börnin sýna hverju öðru og virðingu og skilning og leysa ágreiningsmál sín á milli
Læsi	Markvissari vinna með Lubba	Lubbastundir einu sinni í viku	Sept.19-maí 20	Starfsmenn deildarinnar	Um áramót og í lok skólaárs	Stafakönnun liggur fyrir í Lubbastundum
Sköpun og hópastarf	Markvissari vinna að stærri verkefnum	Þemaverkefni, tónlistartímar	Sept. 19- maí 20	Starfsmenn deildarinnar	Um áramót og í lok skólaárs	Myndir frá vinnunni og áhersla á ferlið frekar en útkomuna



Hvítadeild Endurmat veturinn 2019-2020

Læsi *Hvað var gert?* Stafir sýnilegir inni á deild og Bók og tölustafir hafðir hjá litum og skrif færur. Orðaspjall í samverustundum. Hvíldin er nær eingöngu notuð til lesturs og lesið fyrir þau á hverjum degi í að minnsta kosti 30 mínútur. Þau lög sem við syngjum eiga sér söngspjald sem börnin bjuggu til og eiga auðvelt með að þekkja. Áhuga barnanna fylgt eftir og þeim hjálpað við t.d. skrift. Gefðu 10

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. Öll börn í árganginum fóru í Hljóm2 próf í haust og komu flestir mjög vel út úr því. Nokkur börn komu út í meðalfærni en ekkert sem þurfti að hafa áhyggjur af. Lubbi finnur málbein.

Hvað gekk vel? Flest allt gekk mjög vel. Börnin hafa mikinn áhuga á að láta lesa fyrir sig og eru góð í að hlusta. Þau spyrja ef það eru orð sem þau skilja ekki en við höfum til dæmis verið að lesa framhaldssögur á borð við Ronju, fólkið í blokkinni, Albert og fleira. Ef kennarar rekast á orð sem þarfnast útskýringa taka þeir þau fyrir og reyna að útskýra eins og þeir best geta.

Hvað var erfitt? Í vor var gerð könnun á því hvaða bókstafi börnin þekktu og kom á óvart hve illa stödd nokkur börn voru í stafabekkingu. Í kjölfar þess hófst meiri vinna með stafina. Þau börn sem komu illa út í bókstöfunum eru þau sömu og fylgjast ekki vel með í samverustundum og því er spurning um að taka þau í smáum hóp og vinna með læsi.

Viljum við halda þessu áfram? Já, Læsi, hvort sem um er að ræða í bókstaflegri merkingu eða læsi á umhverfi og fólk, er einn af mikilvægustu grunnstoðum leikskólastarfsins.

Útinám *Hvað var gert?* Reglulegar ferðir og reyndum við að fara á staði sem þau höfðu ekki farið á áður t.d. Reynisvatn og Klambratún. Fræðsla hjá söfnum, Leikhúsum og Bíóum. Við fengum boð á myndina um Kiriku frá bíó Paradís, kíktum á leiksýningar hjá Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu. Sóttum fræðslu frá Tónskóla Sigursveins, Árbæjarsafni og Landnámssetrinu. útiöldun, Við byrjuðum veturinn á því að prufa að baka brauð í Hollendingnum og tókst það ljómandi vel, auk þess höfum við steikt lummur nokkrum sinnum og stefnum á að elda meiri mat þegar hlýnar í veðri. Styttri ferðir um nærumhverfið t.d. um Laugardalinn og út á skólalóð.

Hvað gekk vel? Börnunum á Hvítudeild finnst gaman að fara í ferðir og þá sérstaklega flakkaferðir þar sem þau taka bakpokann sinn og nesti með. Því ganga ferðir alltaf mjög vel.

Hvað var erfitt? Þar sem þetta var síðasta ár barnanna á Hvítudeild var mikið af ferðum sem sneru að hlutum sem okkur var boðið að gera eða áttum að gera. Þar féllu til dæmis undir heimsóknir í Laugarnesskóla, boð á leiksýningar, boð í bíó og ferðir í Ármann með íþróttakennurum. Því var minna gert af því að fara í ferðir sem börnin höfðu valið sjálf heldur en við hefðum viljað. Þegar sumarið er komið er stefnt á að bæta úr þessu og vera mikið úr húsi.

Við áttum það til að láta veðurfar stoppa okkur í því að fara í lengri ferðir og nýta eldstæðið oftast en stefnt er að því að kippa því í liðinn fyrir lok skólaárs.

Viljum við halda þessu áfram? Já, það sem við höfum gert hefur slegið í gegn hjá börnunum á deildinni en allt sem brýtur upp hefðbundið deildarstarf finnst þeim rosalega spennandi. Sérstaklega ef það er eitthvað sem þau fá að borða.

Hópastarf *Hvað var gert?* Við vorum með skipulagt hópastarf 3 sinnum í viku þar sem börnum deildarinnar var skipt í 2 hópa. Hóparnir voru flæðandi þ.e.a.s. að hvert barn átti sér ekki fastan hóp. Til að byrja með voru tveir fastir hópar en sökum þess hversu seint sumir mæta og frí barnanna var ákveðið að taka þau börn sem mætt voru hverju sinni í fyrri hóp og þau sem mættu seinna í seinni hóp. Á mánudögum og þriðjudögum var Kristín Ragna með Yoga og Numicon hópa en á meðan hún var í



þeim settist Danni niður með hinum börnunum og vann í verkefnum með þeim. Á fimmtudögum kom Rasa og sá um tónlistarkennslu á deildinni.

Hvað gekk vel? Barnahópurinn er mjög góður og sýnir flestum viðfangsefnum mikinn áhuga. Þau hafa gott úthald og vildu fara í hópstarfið. Þeim finnst öll tilbreyting skemmtileg og því fannst þeim spennandi þegar Kristín Ragna og Rasa tóku þau í hópstarf.

Hvað var erfitt? Vegna margra verkefna sem varð að sinna t.d. í kringum jólin og öskudag fór mikið af hópstarfstímunum í það að klára jólagjafir, jólaskraut, jólasveinabúninga og öskudagsbúninga. Vegna þess hve lítill barnahópurinn er á Hvítudeild á hópstarf ekkert endilega mjög vel við deildina. Þau eru það nán eiga auðvelt með að vinna saman.

Viljum við halda þessu áfram? Já og nei. Hópstarf er vissulega hluti af leikskólastarfinu en þegar verkefni eru unnin er það oftast gert í hópum af einhverju tagi og því er ef til vill óþarfi að setja það inn sem sérstakan þátt í námsskránni.

Mat barnanna *Hvað var gert?* Börnin koma saman á flakkarafundum þar sem þau nefna staði sem þau vilja heimsækja, Skipuleggja ferðir og taka fyrir verkefni t.d. tengd barnasáttmála sameinuðu þjóðanna. Öskudagsbúningar sem eru algjörlega í höndum barnanna. Allar deildir velja mat fyrir merkisdaga í leikskóladagatalinu. skemmtilegt leiðinlegt. Mat á starfi vetrarins

Hvað gekk vel? Börnin voru samviskusöm í mati sínu og fylgdu eigin sannfæringu,

Hvað var erfitt? Í upphafi átti að styðjast við svokallaða demantsaðferð við mat barnanna en það reyndist nær ógerlegt að finna almennilega útskýringu á hugtakinu. Passa þurfti að hafa eitt barn í einu þegar verið var að meta því ef allur hópurinn var saman smituðust skoðanir hinna af svörum eins til tveggja einstaklinga.

Viljum við halda þessu áfram? Já það er mikilvægt að raddir barnanna heyrist í skipulagi leikskólastarfs en við erum fyrst og fremst hér fyrir þau. Það að börnin meti starfið gefur okkur sýn á það hvernig við getum bætt okkur, hverju má breyta, hvað er orðið þreytt og fyrst og fremst hvað er skemmtilegt. Leikskólinn þarf fyrst og fremst að vera skemmtilegur staður sem barninu líður vel á og ein af betri leiðum til þess að gera hann að þeim stað er að raddir barnanna á deildinni fái hljómgrunn. Mat barnanna er viðfangsefni sem þarf að flæða þar sem aldur og mismunandi barnahópar geta gefið mjög ólíkar niðurstöður og þess vegna þarf alltaf að vera vakandi. Þar sem þetta var fyrsti veturinn með áherslu á mat barna þurfum við að leggja okkur enn meira fram á næstu árum og gera matið að föstum lið starfsins á Hofi.



2.f. Innra mat Svörtudeildar

Umbótaþættir Svartadeild	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Hvert líf er einstakt	Að samskiptamenningin verði í takt við verkefnið	Samvinnuleikir, klípusögur, og markvissar umræður þegar ágreiningur kemur upp.	Ág. 19 -maí 20	Deildarstjóri ásamt starfsfólki	Útbúa stuttan spurningalista sem börnin svara	Að börnin upplifi að þau hafi verkfæri til að takast á við samskiptavanda sem kemur upp.
Jóga	Jógastundir einu sinni í viku	Litlir barnahópar í jóga á ákveðnum tímum	Sept.19- maí 20	Deildarstjóri	Skoða að vori hvernig til tókst	Að okkur takist að innleiða jóga sem hluta a daglegu starfi
Tónlistarstundir	Að kennarar verði öruggir að stjórna skipulögðum tónlistarstundum	Hjálpast að við að útbúa tónlistarstundir og nota hljóðfæri sem til eru	Sept. 19-maí 20	Deildarstjóri og allir starfsmenn taka þátt	Skrá tónlistartíma niður og bera saman upplifun kennara	Að kennarar verði öruggir í tónlistarstundum

Svartadeild Endurmat veturinn 2018-2019

Útikennsla: Hvað var gert? Við byrjuðum á að fara alltaf með einn hóp í útinám í hópastarfinu og gerðum það alla haustönnina. Við notuðum nánasta umhverfi leikskólans þar sem aðeins einn kennari var með börnunum. Börnin unnu ýmis verkefni, en við sáum fljótlega að brýn þörf væri á göngubjálfun. Því ákváðum við að leggja áherslu á gönguferðir og breyttum útináminu þannig að við tókum það út úr hópastarfinu og bættum við ferð þar sem allir fara saman og áherslan var á að ganga og læra umferðarreglur og fá svo að leika t.d. í þvottalaugum eða á Ásmundarsafni. Stundum tókum við með okkur verkefni sem unnin voru úti. Þá skiptum við hópnum í þrennt og vorum með þrjú mismunandi verkefni. Hver hópur vann eitt verkefni í hverri ferð. Alltaf er gefinn tími fyrir frjálsan leik. Í byrjun sumars voru börnin orðin mjög dugleg að ganga langar vegalengdir og strætóferðir gengu smurt fyrir sig.

Hvað hefur gengið vel? Markmiðið hjá okkur var að gera útikennsluna að eðlilegum hluta starfsins með því að fjölga skiptum sem við færum í útinám. Það gekk mjög vel að fylgja áætluninni eftir og að aðlaga hana eftir okkar þörfum. Ekki skemmir fyrir að börnin eru mjög ánægð með útinámið okkar. Allir starfsmenn deildarinnar fóru á námskeið tengd útinámi, fyrir utan Kristínu Rögnu sem vannur fjóra tíma á viku á deildinni.

Var eitthvað erfitt? Starfsfólk deildarinnar er allt mjög jákvætt í garð útináms og þ.a.l. var það ekki erfitt. Aftur á móti gengur okkur illa að temja okkur skráningar aðrar en myndaskráningar.



Viljum við halda áfram? Við viljum halda áfram og teljum okkur hafa náð því að gera útinámið jafn sjálfsagt og annað starf deildarinnar.

Mat barnanna á leikskólastarfinu: Hvað var gert? Markmiðið var að börnin yrðu virkir þátttakendur í mati á starfi deildarinnar. Við ætluðum fyrst og fremst að nota teikningar barnanna og samtal um þær til að meta. Við tókum stöðuna um áramót og þá höfðu börnin einungis teiknað einu sinni það sem þeim finnst skemmtilegt og leiðinlegt í leikskólanum. Lítið kom út úr samtali um myndirnar sem einskorðuðust nær eingöngu við leikefni í valinu eða útvistina. Að vori ákváðum við að prófa nýja matsaðferð þar sem börnunum voru sýndar ljósmyndir af ýmsum þáttum í daglegu lífi, t.d. vali, hópastarfi, útvist, matartíma, hvíld, söngstundum, svæðum í aðalbyggingu, ferðum, fataklefa og pallinum sem þau bíða á eftir að þau eru búin að klæða sig út. Þau voru síðan spurð hvað þeim fyndist um þessi atriði, af hverju þeim fyndist það og einnig hvort þeim þætti eitthvað vanta sem ekki væri á myndunum og hvort þau vildu segja okkur eitthvað um leikskólann.

Börnin virðast almennt vera mjög ánægð með það sem við erum að gera. Þau eiga samt svolítið erfitt með að svara mjög opnum spurningum, t.d. af hverju finnst þér þetta skemmtilegt? Og hvað er það sem er gott við X? Þeim segist líða vel í leikskólanum, en læra ekki mikið að eigin sögn. Þeim virðist ekki detta neitt í hug þegar þau eru spurð hvort þau vilji hafa eitthvað öðruvísi og hvað þau myndu gera ef þau mættu ráða meiru. Við það að ræða svona við eitt í einu, fengust svör frá börnum sem annars hafa sig lítið eða ekkert í frammi.

2 Ytra mat

Ekki hefur verið gert ytra mat frá SFS eða Menntamálastofnun á Hofi en foreldrakönnun og starfsmannakönnun voru gerðar á skólaárinu. Foreldrakönnun kemur vel út fyrir starfið á Hofi þar sem foreldrar skora hærra í öllum spurningum en í meðaltali yfir Reykjavík. Starfsmannakönnun kom einnig vel út fyrir starfið í skólanum. Starfsmannahópurinn skorar í flestum þáttum hærra en 2018.

Umbótaþættir Ytra mat	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð? Hver framkvæmir?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Upplýsingagjöf til foreldra	Að bæta enn frekar upplýsingagjöf til foreldra	Allir starfsmenn vanda sig við upplýsingagjöf til foreldra í daglega starfinu	Sept. 19-maí 20	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar	Samtöl við foreldra, upplýsingatöflur á deildum/í fataklefum, facebooksíður og tölvupóst	Ræðum reglulega saman á deildarstjórufundum og skipulagsdögum
Foreldraviðtöl	Að bæta við foreldraviðtali að hausti	Deildarstjórar bjóða foreldrum viðtal tvisvar sinnum yfir veturinn.	Okt/nóv 19 og jan-mars 20	Deildarstjórar bera ábyrgð á að boða og taka viðtöl.	Foreldraviðtöl	Skoðum eftir tímabilin hve margir foreldrar nýttu sér tilboðið.



3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Allir starfsmenn fóru í starfsþróunarsamtal við leikskólastjóra á sl. skólaári. Starfsmenn er almennt sammála um að gott sé að koma í vinnuna og þeim líði vel á vinnustaðnum. Flestir hrósa vinnustyttingunni og vilja halda áfram í því góða kerfi. Mikið er búið að sækja af fræðslu og alls kyns námskeið, fyrirlestrar og ráðstefnur sóttar. Námskeið um Barnasáttmálann, TRAS, Jóga og útikennslu eru dæmi um námskeið sem farið hefur verið á í vetur. Fjórir deildarstjórar fóru í Leiðtogaskólann. Leikskólastjóri situr flest þau námskeið og fyrirlestra sem ætlað er leikskólastjórum en er ekki byrjaður í Forystunámi borgarinnar. Allur starfsmannahópurinn fékk á starfsárinu námskeið í innra mati hjá SFS og einnig kom fyrirlesari frá samtökum 78 með fræðslu um málefni Transfólks. Næsta skólaár verða fjórir starfsmenn í leikskólakennaranámi, einn í námi á meistarastigi en þrír í grunnnámi og verða allir í vinnu með náminu. Á næsta skólaári fara nokkrir kennarar á ráðstefnu um útikennslu, ef TRAS verður í boði fer a.m.k. einn deildarstjóri á það. Framboð ræður hvað annað verður sótt en starfsmannahópurinn er duglegur að sækja sér endurmenntun en auk þess felst mikil endurmenntun í að vera með fjóra starfsmenn í leikskólakennaranámi. Öll menntun sem starfsmenn sækja nýtist í starfi og mikilvægt að leyfa starfsmönnum að sækja sér námskeið um áhugavert efni.

Skipulagsdagar eru skipulagðir með hópinn og þarfir hans í huga. Mikilvægt er að huga að hópefli á skipulagsdögum enda starfsmannahópurinn orðinn stór og starfar í þremur húsum. Skólanámskrá verður endurskoðuð á næstu misserum og einhver fræðsla fengin í takt við hana, m.a. um sjálfsefningu, félagsfærni og Barnasáttmálann. Hópurinn hefur jafnframt hugsað sér að skoða leikskóla á landsbyggðinni vorið 2020 en eftir er að finna áhugaverðan stað til að skoða.

4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Hofs og Laugarnesskóla byggir á áralöngu samstarfi sem mótað var á fyrstu árum leikskólans. Síðan hefur það verið endurskoðað og bætt og breytt eftir þörfum. Nú er það í nokkuð föstum skorðum.

Nóvember – 5 bekkur í heimsókn, sungið með leikskólabörnunum og ávaxtastund, frjáls leikur þar sem bæði leik- og grunnskólabörn mega flæða frjálst um húsið.

Desember – elstu börn leikskólans heimsækja skólabókasafn Laugarnesskóla. Skólastjórinn kíkir í heimsókn á bókasafnið og hittir leikskólabörnin

Janúar – 1. bekkur í heimsókn í gamla leikskólann sinn, söngstund og ávextir og allir fá að leika frjálst saman um allt húsið

Heimsókn elstu barnanna til skólastjóra Laugarnesskóla, Skólastjórinn gengur um allan skólann með barnahópnum

Febrúar/mars – bekkjarheimsóknir, lítill hópur leikskólabarna er í hverjum bekk einn morgun. Tekur þátt í morgunsöng, kennslustundum og frímínútum.

maí – útivistardagur, sameiginlegur með Laugarnesskóla og Laugasól. Grunnskólakennarar sjá um skipulagningu og framkvæmd. Skólalóðin og frístundaheimilið vettvangurinn

5 Foreldrasamvinna

Foreldraráð er starfandi við skólann, á hverju hausti eru foreldrar beðnir um að bjóða sig fram og hefur það oftast gengið vel. Vegna stærðar skólans höfum við haft fleiri en þrjá fulltrúa í ráðinu. Foreldraráð hittist ekki oft en er í tölvupóstsambandi þegar á þarf að halda. Foreldraráð er upplýst um helstu málefni skólans og voru m.a. upplýst sl. vetur um stækkun skólans og fyrirhugaða viðbyggingu og



stækkun. Foreldraráð les starfsáætlun og gefur henni umsögn. Það er einnig kallað til þegar sumarfrí skólans er skipulagt.

Foreldrafundur með öllum foreldrum skólans er haldinn í september hvert ár. Þá er starf og stefna skólans kynnt, jafnvel fenginn fyrirlesari með lítið fræðsluerindi og svo er farið á deildir þar sem deildarstarf er kynnt af starfsfólki deilda.

Foreldraviðtöl eru skipulögð einu sinni á ári en alltaf í boði og foreldrar minntir á það reglulega að alltaf sé hægt að biðja um viðtal. Foreldraviðtölum er dreift yfir veturinn og miðað við tímabilið janúar- apríl. Deildarstjórar eða kennarar/leikskólaliðar taka viðtölin. Deildarstjóri tekur öll viðtöl sem snúa að sérkennslu eða sérúrræðum. Þá er sérkennslustjóri oft með í viðtölum eða hafður með í ráðum fyrst.

Foreldrafélag er starfandi við skólann og starfar á gömlum hefðum sem þó eru endurskoðaðar reglulega. Foreldrafélagið stendur fyrir leiksýningum innan skólans, heldur sumarhátíð í byrjun júní, fer í sveitaferð og hjálpar jólasveininum með glaðning á jólaball fyrir börnin. Stendur fyrir piparkökumálningu í upphafi aðventu og ýmsu öðru.

6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

22. ágúst 2019

29. október 2019

6. desember 2019

3. janúar 2020

3. mars 2020

20. maí 2020

7 Fylgigögn

7.1 Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

7.2 Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

7.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 1

Samantekt um sérkennslu/stuðning

Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	3	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	10	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	4	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Nei	Janúar 2020
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	nei	Janúar 2020
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	já	Ef já þá hvaða aðrar stofnanir – Talmeinstofur, GRR
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	já	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	já	

Niðurstöður innra mats

- Skólaárið 2018-2019 eru 14 börn sem njóta sérkennslu eða stuðnings. Fjögur börn af þessum fjórtán njóta stuðnings og sinna þrír starfsmenn þeim allan eða stóran part úr degi. Níu börn eru í sérkennslu hjá sérkennslustjóra og eitt í sérkennslu hjá deildarstarfsmanni. Þá sinnir sérkennslustjóri málörvunar þeirra barna sem koma illa út úr HLJÓM-2



- Unnið er að markvissri málörvun inni á öllum deildum, í formi lesturs, söngva og hljóðkerfisvitundar verkefnum. Vakni grunur um frávik í málþroska setjast deildarstjóri og sérkennslustjóri niður og ræða saman um stöðu barnsins ræða við foreldra og búa til áætlun um íhlutun til að hjálpa barninu að ná jafnöldrum. Stuðst er við eftirfarandi próf/námsefni; Lubbi finnur málbein, Ljáðu mér eyra, Orðagull, Markviss málörvun, Tölum saman, Tras, HLJÓM-2, EFI-2, AEPS listinn, Tákn með tali, atferlisþjálfun, íslenski þroskalistinn, smábarnalistinn, ABLLS-R og VB-MAPP
- Hvert stuðnings/sérkennslubarn er með einstaklingsáætlun sem sérkennslustjóri gerir í samráði við stuðningsaðila og/eða deildarstjóra. Námskráin er í stöðugri endurskoðun eftir því sem færni barnsins eykst. Mikilvægt er að hún byggi á styrkleikum og áhugasviði barnsins og að í henni komi skýrt fram þau markmið sem stefnt er að, leiðirnar sem hægt er að fara til að ná markmiðunum og upplýsingum um hvernig meta eigi árangurinn. Deildarstjórar og foreldrar hafa einnig aðgang að einstaklingsáætluninni.
- Sérkennslustjóri vinnur í nánú samstarfi við foreldra/forráðamenn barnsins, haldnir eru reglulega teymisfundir þar sem allir aðilar sem koma að barninu setjast niður og ræða saman um stöðuna og framhaldið. Foreldrar/forráðamenn hafa greiðan aðgang að deildarstjórum og sérkennslustjóra og geta ýmist fengið ráðgjöf og/eða fræðslu, hvert sé best að leita ef um frekari aðstoðar er þörf.
- Leikskólinn Hof er í samstarfi við Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, þar fáum við okkar ráðgjöf og þjónustu. Ráðgjafar og sálfræðingar koma reglulega á teymisfundi, leggja fyrir próf og veita leikskólanum ráðgjöf. Þá vinnur leikskólinn náið með þeim talmeinafræðingum sem börnin eru hjá. Fer ýmist stuðningur eða sérkennslustjóri með barninu í einn tíma hjá talmeinafræðingi til að fá leiðbeiningu um hvernig sé best að vinna. Þá sendir talmeinafræðingur verkefni sem unnin eru á leikskólanum. Talmeinafræðingar hafa einnig komið á teymisfundi. Leikskólinn vinnur einnig náið með Greiningarstöð ríkissins, starfsmenn hafa bæði farið á opin námskeið og einstaklingsmiðuð þjálfunarnámskeið á þeirra vegum í samvinnu við þjónustumiðstöðina.
- Sérkennslustjóri vinnur náið með starfsmönnum leikskólans. Vakni áhyggjur um þroska barns setjast deildarstjóri og sérkennslustjóri niður og ræða stöðu barnsins og hvað sé hægt að gera til að aðstoða það. Allir starfsmenn geta komið til sérkennslustjóra og fengið fræðslu eða ráðgjöf, hvaða námsgögn sé best að nota. Sérkennslustjóri miðlar einnig nýjum aðferðum til deildarstjóra og annarra starfsmanna á deildinni.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

- TRAS – innleiðing TRAS hefur gengið hægt en örugglega inni á flestum deildum. Aðeins einn deildarstjóri á eftir að fá réttindi af sjö. Allar deildir ætla að nýta Tras sem matstæki inni á deild sem verður til umræðu á deildarfundum.
- Samskiptabók milli sérkennslustjóra og foreldra. Að öll börn sem njóta stuðnings séu með samskiptabók þar sem foreldrar geta fylgst náið með framvindu sérkennslu barnsins síns.
- Gera áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum. Áætluð innleiðing er fyrir janúar 2020
- Gera áætlun um málörvun í leikskólanum. Áætluð innleiðing er fyrir janúar 2020



Fylgiskjal 2

Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku

Vísbending	Já eða nei	Hvernig?/Með hvaða aðferðum?/Dæmi
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Já	Gefðu 10, orðaspjall, málörvunarverkefni, lestur
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	Gefðu 10, lestur, orðaspjall. Lubbi finnur málbein
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Gefðu 10, lestur, orðaspjall. Lubbi finnur málbein
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	Tras, Hljóm-2
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? <ul style="list-style-type: none"> • Orðaforði og málskilningur • Tjáning og frásögn • Hlustun og hljóðkerfisvitund • Ritmál • Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun 	Já	Allt ofangreint, samverustundir notaðar í málörvun, í útikennslu, í öllu daglegu starfi, spil og orð sett á alla hluti. Framsögn í samverustundum, söngstundum Börnin hvött til að merkja verkin sín sjálf, ritmálið sýnilegt á deildunum. Lubbi – málbeinin notuð Þróunarverkefnið -Hvert líf er einstakt



Greinagerð - tvítýngi

- Á Hofi eru 18 tvítýngd börn frá 14 löndum. Leikskólinn fagnar einu sinni á ári landi hvers barns með sameiginlegri söngstund á ganginum, fáni barnsins ásamt orðum eru hengd upp á öllum deildum.

Þá hefur deildin stundum lært lag á viðkomandi tungumáli og eldaður er matur sem einkennir það land í hádeginu. Í söngstundinni er ýmist skoðaðar myndir frá landinu, menningin kynnt, horft á stutta teiknimynd á viðeigandi tungumáli. Foreldrar hafa stundum komið með bækur, þjóðbúninga eða annað sem einkennandi er fyrir landið. Á ganginum er svokallað „landatré“ þar hangir fáni viðkomandi lands uppi allt árið ásamt því hvernig maður býður góðan dag.

- Gefðu 10 var innleitt á allar deildir í vetur og var stofnað tvítýngisteymi sem sá um innleiðinguna og var starfsfólki innan handar. Teymið hittist nokkrum sinnum yfir veturinn og ræddi hvað hægt væri að gera betur. Einnig voru haldnir vinnufundir þar sem útbúið var sjónrænt dagskipulag fyrir allar deildir, skráningarblöð og fleira sem nýttist deildunum.
- Viðtalsblaðið fyrir fyrsta viðtal var endurskoðað og bætt við spurningum fyrir foreldra tvítýngdra barna, viljið þið túlk í viðtölum? Viltu að barnið þitt læri íslensku? Hvernig gengur með móðurmálið? Má barnið borða allan mat? Aðlögunin rædd ítarlegar við foreldrana og þau spurð hvort barnið þarf lengri aðlögun. Ætlunin var að ljúka við gerð móttökuáætlunar fyrir tvítýngd börn en það gekk ekki upp þennan veturinn.

Umbótaþættir Annað móðurm. en íslenska	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmum við það?	Hvenær hefst og hvenær lokið?	Hver ber ábyrgð?	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
	Klára móttökuáætlunina	Tvítýngisteymið fundar	Skólaárið 2019-2020	Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri	Teymið safnar gögnum og vinnur úr þeim	Var áætluninni skilað?
	Landadagar	Hver deild útfærir meiri vinnu í kringum dagana með börnunum	Skólaárið 2019-2020	Aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri	Í lok skólaárs	Hver deild endurmetur og skilar til teymisins
	Gefðu 10	Hver deild skráir hjá sér á sérstök skráningarblöð	Skólaárið 2019-2020	Teymið	Í lok skólaárs	Fara yfir skráningar deildanna og á deildastjórafundum



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2019 – 2020
Leikskólinn Hof

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Manúela

Haukur

Linda Heiðarsdóttir

Íris Katla

Herbert



Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans Hof skólaárið 2019-20

Foreldraráði leiksskólans Hofsbarst starfsáætlun skólaársins 2019-20 til umsagnar hinn 9. október 2019. Í henni gerir leikskólastjóri grein fyrir starfi síðasta árs í stuttu máli og tilgreinir áætlanir um breytingar á húsnæði skólans og fyrirhugaða stækkun hans. Fjallað er um innra mat hveurrar deildar fyrir sig á starfi síðasta árs og nokkur atriði tiltekin við hverja deild sem ætlunin er að leggja meiri rækt við á yfirstandandi skólaári. Innra mat er sýnilega unnið af starfsmönnum viðkomandi deilda og endurspeglar það ágætlega mismunandi nálgun viðkomandi deilda á áherslur í starfi. Samkvæmt



áætluninni hefur ytra mat ekki farið fram að öðru leyti en því að spurningakönnun var send út til foreldra. Að sögn kom hún vel út, en niðurstöður hennar eru ekki raktar frekar. Í samhengi við ytra mat er lögð fram áætlun um að bæta upplýsingagjöf til foreldra og að bæta við foreldraviðtali að hausti.

Í starfsáætlun er ekki að finna sérstaka matsáætlun þar sem tekinn er saman með heildstæðum hætti sá lærdómur sem draga má af niðurstöðum innra og ytra mats og þær niðurstöður tengdar við menntastefnu og áherslur úr skólanámsskrá. Af því leiðir að starfþróunaráætlun leikskólans, sem á að byggja á matsáætluninni, kemur heldur ekki fram með skýrum hætti. Fjallað er um starfsþróunarmál starfsmannahópsins, en ekki er að finna sérstaka umfjöllun um stefnu og markmið í starfi leikskólans í heild sinni. Í starfáætluninni er að finna upplýsingar um 6 skipulagsdaga á skólaárinu.

Með vísan til ofangreinds gefur foreldraráð jákvæða umsögn um starfsáætlunina, en bendir á að tengja mætti betur niðurstöðu innra mats við heildstæða sýn á stefnu og hlutverki leikskólans.





ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		JÚLÍ	
1 F		1 S		1 Þ		1 F	Nígíría	1 S	Fullveldisdagurinn	1 M	Nýársdagur	1 L		1 S		1 M		1 F	Verkalýðsdagurinn	1 M	Annar í hvítasunnu	1 M	
2 F		2 M		2 M		2 L		2 M		2 F		2 S		2 M		2 F		2 L		2 Þ		2 F	
3 L		3 Þ		3 F		3 S		3 Þ		3 F	Skipulagsdagur	3 M		3 Þ	skipulagsdagur	3 F	Litháen	3 S		3 M		3 F	
4 S		4 M		4 F	Finland	4 M		4 M		4 L		4 Þ		4 M		4 L		4 M		4 F		4 L	
5 M	Friðdagur verslunarmanna	5 F		5 L		5 Þ		5 F	Aðventukaffi fyrir foreldra	5 S		5 M		5 F		5 S	Pálmásunnudagur	5 Þ		5 F		5 S	
6 Þ		6 F		6 S		6 M		6 F	Skipulagsdagur	6 M	Þrettándinn	6 F	Dagur leikskólans	6 F	Filipseyjar	6 M		6 M		6 L		6 M	
7 M		7 L		7 M		7 F		7 L		7 Þ		7 F	Dagur stærðfræðinnar	7 L		7 Þ		7 F		7 S	Sjómanna dagurinn	7 Þ	
8 F		8 S	Dagur læsis	8 Þ		8 F	Baráttudagur gegn einelti	8 S		8 M		8 L		8 S		8 M		8 F	Guatemala	8 M		8 M	
9 F		9 M		9 M		9 L		9 M		9 F		9 S		9 M		9 F	Skírdagur	9 L	Sveitaferð	9 Þ		9 F	
10 L		10 Þ		10 F		10 S		10 Þ	Kaffihús á ganginum	10 F	Spánn	10 M		10 Þ		10 F	Föstudagurinn langi	10 S		10 M		10 F	
11 S		11 M		11 F		11 M		11 M		11 L		11 Þ		11 M		11 L		11 M		11 F		11 L	
12 M		12 F		12 L		12 Þ		12 F		12 S		12 M		12 F		12 S	Páskadagur	12 Þ		12 F		12 S	
13 Þ		13 F		13 S		13 M		13 F	Gínea Conakry	13 M		13 F		13 F		13 M	Annar í páskum	13 M		13 L		13 M	
14 M		14 L		14 M		14 F		14 L		14 Þ		14 F	Slóvakía	14 L		14 Þ		14 F		14 S		14 Þ	
15 F		15 S		15 Þ		15 F	Kúba	15 S		15 M		15 L		15 S		15 M		15 F		15 M		15 M	
16 F		16 M	Dagur íslenskrar náttúru	16 M		16 L	Dagur íslenskrar tungu	16 M		16 F		16 S		16 M		16 F		16 L		16 Þ		16 F	
17 L		17 Þ		17 F		17 S		17 Þ		17 F	Þýskaland	17 M		17 Þ		17 F	Lettland	17 S		17 M	Lýðveldisdagurinn	17 F	
18 S		18 M	Foreldrafundur kl. 17-19	18 F	Pólland	18 M		18 M	Ítalía	18 L		18 Þ		18 M		18 L		18 M		18 F		18 L	
19 M		19 F		19 L		19 Þ		19 F		19 S		19 M		19 F		19 S		19 Þ		19 F		19 S	
20 Þ		20 F	Ísland	20 S		20 M	Dagur mannréttinda barna	20 F		20 M		20 F		20 F	Bretland	20 M		20 M	skipulagsdagur	20 L		20 M	
21 M		21 L		21 M		21 F		21 L		21 Þ		21 F	Móðurmálsdagurinn	21 L		21 Þ	Barnamenningarhátíð	21 F	Uppstigningardagur	21 S		21 Þ	
22 F	Skipulagsdagur	22 S		22 Þ		22 F		22 S		22 M		22 L		22 S		22 M	Barnamenningarhátíð	22 F		22 M		22 M	
23 F		23 M		23 M		23 L		23 M	Þorláksmessa	23 F		23 S	Konudagur	23 M		23 F	Sumardagurinn fyrsti Barnamenningarhátíð	23 L		23 Þ		23 F	
24 L		24 Þ		24 F	vetrarleyfi grunnskóla	24 S		24 Þ	Aðfangadagur jóla	24 F	Böndadagur	24 M	Bolludagur	24 Þ		24 F	Barnamenningarhátíð	24 S		24 M		24 F	
25 S		25 M		25 F	vetrarleyfi grunnskóla	25 M		25 M	Jóladagur	25 L		25 Þ	Sprengidagur	25 M		25 L	Barnamenningarhátíð	25 M		25 F		25 L	
26 M		26 F	Evrópski tungumáladagurinn	26 L	Fyrsti vetrardagur	26 Þ		26 F	Annar í jólum	26 S		26 M	Óskudagur	26 F		26 S	Barnamenningarhátíð	26 Þ		26 F		26 S	
27 Þ		27 F		27 S		27 M		27 F		27 M		27 F		27 F		27 M		27 M		27 L		27 M	
28 M		28 L		28 M	Bangsadagur vetrarleyfi grunnskóla	28 F		28 L		28 Þ		28 F	Mexícó	28 L		28 Þ		28 F	Útskriftarferð og útskrift elstu barna	28 S		28 Þ	
29 F		29 S		29 Þ	Skipulagsdagur	29 F	Frakkland	29 S		29 M		29 L		29 S		29 M		29 F	Tékkland	29 M		29 M	
30 F		30 M		30 M		30 L		30 M		30 F				30 M		30 F	Ömmu- og afakaffi	30 L		30 Þ		30 F	
31 L				31 F				31 Þ	Gamlársdagur	31 F	Noregur			31 Þ				31 S	Hvítasunnudagur			31 F	